

REGLUR

um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar.

I. KAFLI

Framkvæmd undanþágna.

1. gr.

Samgönguráðherra er heimilt, í samráði við umsjónarnefnd fólksbifreiða, að fela félög-um leigubifreiðastjóra með starfssvæði í eftirfarandi fjórum umdæmum að veita leyfishöfum undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um leigubifreiðar nr. 61/1995, með síðari breytingum.

Umdæmi I: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur.

Umdæmi II: Reykjanesbær, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppur.

Umdæmi III: Árborg.

Umdæmi IV: Akureyri.

Samgönguráðuneytið gefur út starfsleyfi skv. 1. mgr., að fenginni jákvæðri umsögn umsjónarnefndar enda mælir umsjónarnefnd fólksbifreiða með útgáfu starfsleyfis. Í umdæmi I er það skilyrði fyrir því að hljóta og halda starfsleyfi að bifreiðastjórafélag hafi minnst 10 félagsmenn, sem hafi atvinnuleyfi til aksturs leigubifreiða til mannflutninga. Bifreiðastjór-afélag, sem hlotið hefur starfsleyfi, skal í einu og öllu fara eftir lögum og reglum um leigubifreiðar til mannflutninga og er ráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu umsjónarnefndar, sbr. 15. gr., að afturkalla starfsleyfi þess félags, sem út af því bregður. Bifreiðastjór-afélag með starfsleyfi skal halda sérgreindum tekjum og gjöldum vegna starfsemi, sem fellur undir reglur þessar.

Bifreiðastjór-afélag skal afgreiða undanþágubeiðni sinna félagsmanna og annarra leyfishafa í sama umdæmi, sem kjósa að skipta við félagið. Kjósi leyfishafi að skipta við annað félag en hann hefur áður gert varðandi undanþágubeiðni, ber honum áður en umsókn er tekin til afgreiðslu að upplýsa nýja félagið um allar undanþágur sem fyrra félagið hefur veitt honum á síðustu 12 mánuðum. Bifreiðastjór-afélagi ber að verða við ósk annars félags að upplýsa um veittar undanþágur. Atvinnuleyfishafi sem stendur utan félags ber að gera viðkomandi umsjónarnefnd grein fyrir hvert hann hyggst sækja undanþágur.

Sætti bifreiðastjóri sig ekki við ákvörðun bifreiðastjór-afélaganna er honum heimilt að áfrýja til umsjónarnefndar fólksbifreiða á viðkomandi svæði og er úrskurður hennar endanlegur á sviði stjórnsýslunnar.

2. gr.

Bifreiðastjór-afélögin skulu fara eftir lögum og reglum um leigubifreiðar og reglum þess-um og þar sem vafamál koma upp skal hafa hliðsjón af reglum sem gilda á vinnumarkaði og skulu bifreiðastjór-afélögin afgreiða þau af sanngirni þannig að jafnræðis sé gætt á milli bifreiðastjóra.

Á svæðum þar sem fleiri en eitt félag bifreiðastjóra annast útgáfu undanþágna skal hlutaðeigandi umsjónarnefnd að höfðu samráði við hlutaðeigandi bifreiðastjór-afélög setja reglur um útgáfu á akstursheimildum, svo að eftirlit bifreiðastjór-afélaga, málsmeðferð, form, útlit og efni akstursheimilda verði samræmt eins og kostur er.

3. gr.

Bifreiðastjór-afélögunum er aðeins heimilt að veita undanþágu til leyfishafa til að ráða til sín launþega sem uppfylla skilyrði 1., 2., 4. og 5. tölul. 3. gr. laga um leigubifreiðar.

II. KAFLI

Undanþágur vegna orlofs.

4. gr.

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í 5 vikur í orlofi. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætist ein vika við útgerðarheimildina. Þó má orlofsútgerð aldrei vara lengur en 9 vikur á ári. Útgerð í orlofi er að lágmarki ein vika í hvert sinn nema þegar færri en 7 sólarhringar standa eftir af óteknu orlofi. Þá skulu þeir teknir út í einu lagi.

5. gr.

Orlofstímabil hefst 1. maí ár hvert og stendur til 30. apríl árið eftir. Ekki er hægt að færa orlof á milli tímabila.

III. KAFLI

Undanþágur vegna veikinda.

6. gr.

Heimilt er að veita leyfishafa undanþágu frá akstri í veikindum í þrjá mánuði á ári sanni hann það með læknisvottorði að hann sé óvinnufær.

Heimilt er að framlengja slíka heimild í allt að eitt ár skv. áliti trúnaðarlæknis þess bifreiðastjórafélags sem hefur með akstursheimild viðkomandi að gera.

Sé fyrrgreind heimild skv. 1. og 2. mgr. fullnýtt er heimilt að framlengja hana á gundvelli úrskurðar trúnaðarlæknis umsjónarnefndar, enda liggi fyrir óvinnufærni skv. örorkumati. Þá skal útgerð einnig háð eftirfarandi takmörkunum:

- Viðkomandi skal ekki stunda aðra atvinnu á því tímabili sem útgerðin stendur, sjá þó 9. gr.
- Viðkomandi skal ekki dvelja erlendis á því tímabili sem útgerðin stendur, nema til að leita sér lækninga samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis umsjónarnefndar.
- Áfengismeðferð og vímuefna meðferð telst til veikinda í fyrsta skipti en ekki ef um ítrekaða meðferð er að ræða.

7. gr.

Veikinda- og útgerðarleyfi skulu vara í minnst einn sólarhring og hefjast kl. 08.00 eða kl. 20.00. Orlofsleyfi skulu hefjast kl. 08.00 eða kl. 20.00.

8. gr.

Í undantekningartilfellum er heimilt að veita leyfishafa heimild til að aka á móti launþega, óski hann þess vegna undangenginna alvarlegra veikinda.

Heimild skv. 1. mgr. má framkvæma með því að aka á móti launþega, þannig að frá sunnudegi til föstudags, ekur leyfishafi allt að sex tíma á dag. Þessi tími skal ákveðinn fyrirfram, t.d. kl. 06.00-12.00. Launþegi má aka 12 tíma á dag, t.d. kl. 12.00-24.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 20.00 til 08.00 helgar nætur (aðfararnætur laugar- og sunnudaga).

Þessi útgerð er þó aldrei heimiluð nema tvo mánuði á hverju almanaksári.

9. gr.

Þrátt fyrir 6. gr. má heimila leyfishafa að stunda takmarkaða atvinnu í stuttan tíma á meðan hann hefur leyfi til að gera út í veikindum, en þá skal sótt um það sérstaklega til umsjónarnefndar.

10. gr.

Sækja skal um heimild til útgerðar í veikindum á þar til gerðu eyðublaði hjá bifreiðastjórafélögunum með starfsleyfi skv. 1. gr.

Þar skal tilgreina:

- Dvalarstað umsækjanda á meðan á útgerð stendur;
- tegund útgerðar;
- nafn, kennitölu, stöð, stöðvarnúmer og síma umsækjanda;
- nafn heimilislæknis og sérfræðings.

Bifreiðastjórafélag með starfsleyfi skv. 1. gr. ásamt trúnaðarlækni skulu á hverjum tíma fylgjast með því að upplýsingar þær er koma fram á umsókn og læknisvottorði standist.

IV. KAFLI

Álagstímar.

11. gr.

Bifreiðastjórafélag með starfsleyfi skv. 1. gr. getur heimilað leyfishafa að gera út bifreið sína föstudags- og laugardagsnætur og skal þá viðkomandi umsjónarnefnd samræma þessa heimild ásamt tímamörkum.

12. gr.

Þegar leyfishafi nær 65 ára aldri eða er 65% öryrki er honum heimilt að gera út bifreið sína frá kl. 20.00 til kl. 08.00 helgarnætur. Má leyfishafi ekki aka á milli kl. 20.00 á föstudag og kl. 08.00 sunnudag þá helgi sem útgerðin stendur yfir.

V. KAFLI

Viðgerðir og endurnýjun á bifreið.

13. gr.

Leyfishöfum er heimilt að fá afnot bifreiðar annars leyfishafa í sama umdæmi skv. 1. gr. vegna endurnýjunar eða viðgerðar á bifreið sinni í allt að sex mánuði. Slíkt ber að tilkynna viðkomandi félagi.

VI. KAFLI

Ökuheimildir.

14. gr.

Í öllum tilfellum er leyfishafi ræður launþega til aksturs skal hann áður fá ökuheimild hjá bifreiðastjórafélagi með starfsleyfi skv. 1. gr. Ökuheimildir skulu gefnar út á númeruðum eyðublöðum í fjórriti, sem annaðhvort skulu vélrituð eða tölvuprentuð. Á heimildinni skal tilgreindur tími og takmarkanir heimildar auk nafna og kennitalna leyfishafa og launþega, númer bifreiðar, bifreiðastöð og stöðvarnúmer og tegund ökuheimildar.

Áður en ökuheimild tekur gildi skal leyfishafi sjá til þess að afrit af henni berist bifreiðastöð til upplýsingar fyrir hana og trúnaðarmenn. Launþegi sem ökuheimild tekur til skal hafa afrit ökuheimildar á áberandi stað í viðkomandi bifreið. Heimilt er þó að undanskilja skráningu kennitalna á það afrit. Leyfishafi varðveitir frumrit akstursheimildar.

Bifreiðastjórafélag skal halda eftir afriti ökuheimildar ásamt upplýsingum sem ökuheimildir hafa að geyma og láta viðkomandi umsjónarnefnd þær í té ef hún óskar eftir.

Greiða skal 700 kr. gjald fyrir hverja útfegna ökuheimild enda sé gildistími hennar ekki lengri en 31 dagur. Fyrir hvert 31 dags gildistímabil til viðbótar skal greiða sama gjald.

VII. KAFLI

Eftirlit.

15. gr.

Bifreiðastjórafélag með starfsleyfi skv. 1. gr. hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt. Skulu þau ráða sér trúnaðarmenn á öllum bifreiðastöðvum sér til fulltingis. Skulu leyfishafar og launþegar, sýna trúnaðarmönnum ökuheimildir sé þess óskað. Telji trúnaðarmaður að reglur þessar séu brotnar eða honum neitað um að sjá skilríki er honum skylt að tilkynna slíkt til þess bifreiðastjórafélags sem hann starfar fyrir. Þá skulu bifreiðastjórafélögin ráða trúnaðarlækni varðandi undanþágur vegna veikinda, sbr. 6. gr.

Bifreiðastjórafélagi með starfsleyfi skv. 1. gr. ber að senda viðkomandi umsjónarnefnd á þriggja mánaða fresti yfirlit yfir allar undanþágur veittar af félaginu á tímabilinu. Umsjónarnefnd getur þó óskað eftir slíku yfirliti oftár ásamt því að óska eftir sérstökum upplýsingum um afgreiðslur á málum einstakra leyfishafa. Telji umsjónarnefnd bifreiðastjórafélag brjóta gegn reglum þessum ber henni að tilkynna viðkomandi félagi um þá afstöðu með áskorun um að úr verði bætt. Verði ekki orðið við áskorun nefndarinnar ber henni að skila tillögu um aðgerðir til samgönguráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 1. gr. Áður en slíkt er gert skal þó hlutaðeigandi félagi gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum að fyrir nefndinni.

VIII. KAFLI

Viðurlög.

16. gr.

Bifreiðastjórafélagi með starfsleyfi skv. 1. gr. er skylt að tilkynna viðkomandi bifreiðastöð, ef bifreiðastjóri þar hefur brotið gegn þessum reglum og ber bifreiðastöð að stöðva afgreiðslu bifreiðarinnar. Verði bifreiðastöð ekki við tilmælum bifreiðastjórafélags skal bifreiðastjórafélag tilkynna það umsjónarnefnd. Telji umsjónarnefnd tilkynninguna á rökum reista ber henni að gera tillögu til viðkomandi sveitarfélags, sem starfsleyfið veitti, um aðgerðir.

17. gr.

Ef um ítrekuð brot er að ræða missir bifreiðastjóri rétt til að fá undanþágu og launþegi fær ekki ökuheimild í ákveðinn tíma eftir nánari reglum sem samgönguráðherra setur að fengnum tillögum umsjónarnefnda fólksbifreiða.

18. gr.

Reglur þessar, sem eru settar með stoð í lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995, með síðari breytingum og reglugerð nr. 224/1995, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 759/1999 um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar með síðari breytingum.

Bráðabirgðaákvæði.

Núgildandi leyfi bifreiðastjórafélaganna til útgáfu akstursheimilda falla úr gildi þann 15. ágúst 2001. Umsókn um starfsleyfi samkvæmt 1. gr. skal berast samgönguráðuneytinu eigi síðar en 10. júlí 2001.

Samgönguráðuneytinu, 28. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.